

Fundargerð

23. fundur í umhverfis-skipulags og bygginganefnd.

Priðjudaginn 13. janúar kom USB til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðarvegi 3, Þórshöfn.

Mætt. Kristján Úlfarsson, Vífill Þorfinnsson, Sigurður J. Jónsson, Steinn Karlsson og Jóhanna Helgadóttir. Einnig sat fundinn Björn Ingimarsson, sveitarstjóri.

Fundur hófst k. 12.00.

Haldið áfram með dagskrá fundar 22.

- Námskeið í skipulagsmálum.

Ákveðið að ganga til samninga við Alta á grundvelli tilboðs dags í nóv. '08. Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu.

- Reglur um kattahald í Langanesbyggð.

Sveitarstjóra falið að vinna drög að samþykktum um kattahald í Langanesbyggð.

- Verkefni og áherslur 2009.

Umræður um staðsetningu skólagarða annars vegar að Langanesvegi 20 norðan grunnskóla og hinsvegar á Bakkavegi sunnan við Naust. Ræddar hugmyndir um að veita umhverfisviðurkenningar t.d. bestu garðarnir, bestu göturnar, atvinnufyrirtæki og dreifbyli. Opin svæði og skurðir. Verið er að vinna í þessum málum. Samþykkt að beina því til hreppsnefndar Langanesbyggðar að hámarkshraði í íbúðargötum þéttbýlis verði 30 km.

- Önnur mál.

Umsókn barst frá Reyni Atla Jónssyni um lóð undir hesthús. Samþykkt að vísa afgreiðslu til deiliskipulags. Erindi frá Veitingastofunni Marísu um uppsetningu á skiltum norðan og sunnan við þorpið. Samþ. með vísan til gildandi reglana og fyrirvara um stærð. Ákveðið að bjóða Marísu upp á að nýta bakhlið skiltis sveitarfélagsins sem staðsett er við Hjalla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

Jóhanna Helgadóttir, ritari.